

## Landeigendur á Hóli, Hvilftarströnd

Birkir Þór Guðmundsson

Kristín Björg Albertsdóttir

Netföng: [birkir@abf.is](mailto:birkir@abf.is)

[kristinalberts@hotmail.com](mailto:kristinalberts@hotmail.com)

GSM: 824-0100

Skipulags- og mannvirkjanefnd  
Ísafjarðarbæjar  
Pósthólf 56  
400 Ísafjörður

Flateyri 13. nóvember 2020

### **Efni: Tilkynning vegna áforma um smávirkjun í tengslum við aðra uppbygginu á Hóli á Hvilftarströnd.**

Í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er lögð áhersla endurnýjanlega orkugjafa. Gert er ráð fyrir að landeigendur geti virkjað bæjarlækinn, með smávirkjun, á þeim svæðum sem gert er ráð fyrir einhverri byggð. Að fengnu framkvæmdarleyfi eru virkjanir sem eru allt að 30 kW. með minniháttar uppistöðulóni, eða rennslisvirkjanir, sem eru allt að 200 kW. án uppistöðulóns, því heimilaðar án þess að þurfi að fara fram breyting á aðalskipulagi.

Í þeim tilfellum sem deiliskipulag liggur ekki fyrir, hinsvegar með vísan í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hægt að grenndarkynna byggingar- og framkvæmdarleyfi þegar framkvæmd er í samræmi við aðalskipulag

Niðurstaða skipulags- og mannvirkjanefndar, frá 547. fundi nefndarinnar frá 11. nóvember 2020, er hinsvegar sú að fara þurfið í deiliskipulag með áform um smávirkjun á lögbýlinu Hóli vegna eðli og umfangs heildar uppbyggingar á jörðinni þar sem ætlunin er að taka hana á ný til ábúðar.

Fyrirhuguð framkvæmd við smávirkjunina á Hóli á Hvilftarströnd er af því umfangi að hún fellur undir framkvæmdir í flokki C. Mið hliðsjóna af lögum um umhverfismat nr. 106/2000 er framkvæmdin hér með tilkynnt Ísafjarðarbæ með vísan í áður innsend göng til Skipulags og mannvirkjanefndar vegna áformanna.

Óskað er eftir að mál þetta verði unnið samhliða deiliskipulagi fyrir uppbygginu á Hóli á Hvilftarströnd með vísan til 41. gr. skipulagslaga.

Fyrir hönd landeiganda.

Virðingarfyllst,



Birkir Þór Guðmundsson